

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 175/2024

2024/EES/76/27

frá 5. júlí 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/766 frá 1. mars 2024 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/1119 að því er varðar útreikning á koltvísýringssparnaði og á tölfræðilegum skekkjumörkum fyrir tiltekna tvinnrafnúnaðar fólksbifreiðar sem ekki eru ætlaðar fyrir ytri hleðslu ⁽¹⁾.
- XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21aezd (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1119) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 D 0766:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/766 frá 1. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/766, 5.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2024/766, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/766, 5.3.2024.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.